

31.stjórnarfundur Kraftlyftingasambands Íslands var haldinn á skrifstofu sambandsins miðvikudaginn 5.september 2012 og hófst kl. 19.00.

Mætt: Sigurjón, Kári, Guðjón, Birgir,Hulda, Óskar Ingi og Gry. Auðunn boðaði forföll. Grétar Hrafnsson sat fundinn.

Þetta gerðist:

1. Mót framundan
Kraftlyftingafélag Seltjarnarness hefur óskað eftir að halda kynningarmót opið ófélagsbundnum í tengslum við Seltjarnarnesmótið í klassískri bekkpressu. Stjórnin hefur ekkert við það að athuga svo fremur sem það verður aðskilið frá hinu opinbera móti sem er á mótaskrá og framkvæmd þess móts verði samkvæmt reglum um mótahald.
Aðgerð: **Birgir** ræðir við mótshaldara um þetta.
2. Mótaskrá næsta árs
Birgir gerði grein fyrir þeim mótum sem sótt hefur verið um.
Aðgerð: **Kári** setur upp tillögu að niðurröðun móta næstu ára miðað við alþjóðamót m.m. **Mótanefnd** gerir tillögu um mótaskrá næsta árs þegar það liggur fyrir. Verður rætt á næsta fundi.
3. Fundargerð síðasta fundar samþykkt. Minnisblað af fundi með formanni mótanefndar samþykkt.
Birgir vék af fundi
4. Afreksstefna og árangur á mótum undanfarið.
Stjórnin óskaði Grétari og hans mönnum til hamingju með gott gengi á HM unglunga í Póllandi og telur ástæðu til að halda blaðamannafund og kynna afreksstefnuna og árangur það sem af er árinu.
Aðgerð: **Sigurjón** og **Guðjón** kanna hvernig best er að standa að því
5. Landsliðsmál.
Grétar hvatti stjórn til að setja ákveðnari reglur um samskipti landsliðs og landsliðsþjálfara.
Stjórnin ákvað að endurskoða „landsliðslágmörk“ og kynna sem fyrst, en stjórnin vil hækka þau fyrir næsta tímabil í ljósi reynslu. Stjórnin ítrekar að árangur á árinu 2012 gildir sem lágmörk fyrir keppni 2013.
Aðgerð: **Kári** endurreiknar landsliðsviðmiðið. **Landsliðsnefndin** hugar að breyttum reglum um landsliðsmál.
6. Þjálfaranámskeið.
Plan um þjálfara 1 – sérgreinahluti er klárt og skráning hafin.
Stjórnin ítrekar að inntökuskilyrði gilda fyrir alla, að allir taki þátt í alla hluta námskeiðsins og að reglurnar sem sendar voru formönnum gilda ef beita þurfi fjöldatakmarkanna.
Aðgerð: **Gry** sér um framkvæmd námskeiðsins.
7. Fjármál og árshlutauppgjör.
Fjárhagsáætlun hefur staðist en framundan eru stórir útgjaldaliðir. Sigurjón upplýsti um samtal við framkvæmdastýru ÍSÍ varðandi Lottógreiðslu.
8. Formannafundur verður haldinn í tengslum við Bikarmótið. Tímasetning ekki ákveðin.
9. NPF
Gry sagði frá þingi NPF í Svíþjóð, en Ísland hefur tekið við formennsku í sambandinu og er Sigurjón formaður þess og Gry ritari. Tillaga Íslands um að koma Norðurlandamót á mótaskrá IPF var felld, en samþykkt að sækja um það vegna Norðurlandamót unglunga.
Aðgerð: **Sigurjón** og **Gry** hafa forgöngu um að koma ákvörðunum þingsins í framkvæmd

Ekkert fleira gert.

Fundi slitið kl. 21.00

Fundarritari Gry Ek